

Ársskýrsla
Kvennasögusafns Íslands
2007

Reykjavík, mars 2008

Ársskýrsla Kvinnasögusafns Íslands 2007

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Edda G. Björgvinsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Kristín Ástgeirsdóttir

Kvinnasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@bok.hi.is
Veffang: <http://www.kvinnasogusafn.is>

Úr ársreikningi 2007:

Tekjur

Fjárlög, rekstrarstyrkur	3.085.981
Menntamálaráðuneyti, styrkur	2.000.000
Reykjavíkurborg, styrkur	700.000
Rannsóknarleyfi	250.570
Bríetarbrekka, flutt frá 2006	3.000.000
Qhist08, flutt frá 2006	375.200
Sala bóka	<u>8.845</u>
Samtals:	9.420.596

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	4.827.581
Laun stjórnarnefndar	270.141
Vegna Bríetarbrekku	3.119.000
Vegna Qhist08	225.750
Annar rekstrarkostnaður	<u>653.248</u>
Samtals:	9.095.720

Vaxtatekjur 1.103.041

Hagnaður/tap af reglulegum rekstri 1.427.917

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a.ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Emilía Sigmarsdóttir gekk úr nefndinni um miðjan maí 2005 og eftir það skipuðu hana:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum

Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðumanns um mitt ár 2001.

Forstöðumaður er eini fasti starfsmaður safnsins.

Almennt um starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum nemar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá. Í gestabók rituðu 113 einstaklingar nafn sitt á árinu 2007.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grisjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

– Sjálfstæðum rannsóknnum forstöðumanns sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðumanns: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif, fyrirlestrar og fjáröflun.

Árið 2007 var safnið opið daglega milli kl. 10-15 en forstöðumaður hafði lengri viðveru. Safnið var lokað vegna rannsóknarleyfis forstöðumanns 18/5-4/6 og vegna sumarleyfis 18/6-28/6, 20/7-30/7 og 17/9-24/9.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðumaður fékk eins mánaðar rannsóknarleyfi á árinu 2007 og nýtti helming þess til að skoða skjöl kvennasögusafnsins í Amsterdam, Internationaal Informatiecentrum en Archief voor de Vrouwenbeveging (IIAV, Alþjóða skjala- og upplýsingamiðstöð kvennahreyfinga). Leitaði forstöðumaður heimilda er tengdust íslenskri kvennasögu, einkum á tímabilinu 1907 – 1940. Leitin bar nokkurn árangur, einkum er varðaði tengsl Kvenréttindafélags Íslands og International Women Suffrage Alliance. Skjöl félagsins eru þó ekki í Amsterdam. Væntir forstöðumaður þess að meiri árangurs verði að vænta í ferð til kvennasögusafnsins í London sem fyrirhuguð er sumarið eða haustið 2008.

Forstöðumaður sótti ótal fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Þá sótti forstöðumaður Hugvísindalæring í mars og flutti þar erindi, og Kynjafræðilæring í nóvember og stýrði þar málstofunni „Jafnrétti, andóf og lýðræði“, en þar fluttu erindi Svanur Kristjánsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Salvör Nordal og Marion Lerner.

Viðburðir

Kvennasögugangan 19. júní

Kvennasögusafn Íslands og Kvenréttindafélag Íslands stóðu að kvennasögugöngu á hátíðisdegi íslenskra kvenna þann 19. júní, svo sem verið hefur undanfarin ár, að þessu sinni undir leiðsögn Kristínar Ástgeirsdóttur, sagnfræðings. Forstöðumaður hafði tekið saman upplýsingar um konur sem byggðu Þingholtin og var þeim dreift í göngunni. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu safnsins og geta áhugasamir nú nálgast þar *Kvennasöguslóðir í Kvosinni* og *Kvennasöguslóðir um Þingholtin*. Gangan endaði að venju í veglegu kaffisamsæti að Hallveigarstöðum þar sem KRFÍ gekkst fyrir dagskrá í tilefni dagsins. Gangan var fjölsótt að venju.

Bríetarbrekka - minningarreitur um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur

Á málþingi sem haldið var miðvikudaginn 17. mars 2004 á vegum félagsmálaráðuneytis, Kvenréttindafélags Íslands og Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Hvar er jafnréttið?“ tilkynnti félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að reisa Bríeti Bjarnhéðinsdóttur minnisvarða í Reykjavík. Jafnframt að Kvennasögusafni Íslands yrði falinn undirbúningur málsins, en forstöðumaður og stjórnarnefnd Kvennasögusafns komu hugmyndinni upphaflega á framfæri við ráðamenn.

Þann 15. nóvember 2004 barst Kvennasögusafni Íslands bréf frá félagsmálaráðherra þar sem tilkynnt var að ríkisstjórnin hyggðist leggja 2,5 milljónir króna til minnisvarða um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og fól Kvennasögusafni Íslands milligöngu um framkvæmd þessa verkefnis. Á fjárlögum 2005 voru síðan veittar 3 milljónir til verkefnisins. Reykjavíkurborg veitti á árinu 2006 3 milljónum til verksins auk þess að leggja fram lóð og vinnu garðyrkjustjóra og annara starfsmanna Reykjavíkurborgar við minningarreitinn.

Eftir viðræður við Alþingi, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar og forstöðumann Listasafns Reykjavíkur um heppilega staðsetningu var ákveðið að lóðin Þingholtsstræti 9 væri mjög heppileg fyrir slíkan reit. Bríet Bjarnhéðinsdóttir bjó í húsi að Þingholtsstræti 18 og fleiri kvenréttindakonur bjuggu við þessa götu. Listamaðurinn Ólöf Nordal var fengin til þess að vinna minnisvarða á reitinn í góðri samvinnu við garðyrkjustjóra og forstöðumann Listasafns Reykjavíkur.

Bríetarbrekka - minningarreitur um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur var afhjúpaður á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs 7. nóvember kl. 16:00. Ávörp fluttu félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, borgarstjóri Dagur B. Eggertsson, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður KRFÍ, Ólöf Nordal, listakona, Kristín Þóra Harðardóttir sem sat í undirbúningsnefnd og Bríeturnar - ungir femínistar, fluttu minningarorð. Að lokinni athöfninni bauð KRFÍ til móttöku að Hallveigarstöðum við Túngötu. Dagskráin hófst kl. 16:45 með ávarpi Þorbjargar I. Jónsdóttur og síðan fluttu Auður Styrkárdsóttir og Silja Bára Ómarsdóttir erindi um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur annars vegar og nútíma kvenfrelsisbarátu hins vegar. Dagskránni lauk með tónlistaratriði og veitingum.

Minningarreitinn og listaverkið í honum gerði Ólöf Nordal. Listaverkið er unnið út frá veggteppi er Bríet saumaði handa dóttur sinni, Laufeyju Valdimarsdóttur, með eftirfarandi ljóði sem talið er að Bríet hafi ort: „Stígðu ófeimin stúlka upp og stýrðu klæði, yfir geiminn, yfir græði, allan heiminn skoða í næði“.



Bríetarbreykku er ætlað að heiðra minningu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sérstaklega, en um leið minningu þeirra fjölmörgu kvenna sem lögðu sitt af mörkum til kvenréttindabaráttunnar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940) kvaddi sér hljóðs fyrst íslenskra kvenna á opinberum vettvangi og átti stærstan þátt í að hrinda af stað fyrstu bylgju kvenréttindabaráttunnar hér á landi fyrir lágmarksréttindum, svo sem kosningarétti, kjörgengi og rétti til menntunar og atvinnu. Hún átti frumkvæði að stofnun Kvenréttindafélags Íslands, var formaður þess í tvo áratugi og átti mestan þátt í að íslenskar konur urðu hluti af alþjóðlegri kvenréttindabaráttu. Heimili hennar var að Þingholtsstræti 18 og þar var miðstöð kvenréttindabaráttunnar um langa hríð.

Kvöldvakan

Kvöldvökuna hélt Kvennasögusafn að þessu sinni með Kvenréttindafélagi Íslands í sal Hallveigarstaða við Túngötu 5. desember. Opnuð var sýning tileinkuð KRFÍ í 100 ár, en Kvennasögusafn lánaði margt muna til hennar, og flutti forstöðumaður erindi af því tilefni. Vakan tókst vel að venju. Kaffi og piparkökur voru á boðstólum og efnt til veglegs happdrættis.

Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

Birtar greinar forstöðumanns 2007:

‘Frelsisárið mikla. Af konum og kvenréttindum 1907’, „*Aukinn skilning mun hún færa oss, þessi Íslandsferð.*“ *Heimsókn Friðriks VIII Danakonungs til Íslands 1907. Sýning í Þjóðarbókhöfðu* 31. maí – 1. september 2007. Landsbókasafn Íslands—Háskólabókasafn, 2007, bls. 17-24.

‘Det store frihedsår. Om kvinder og kvinderettigheder 1907’, „*En øget forståelse må den bringe os, denne Islandsferd.*“ *Kong Frederik VIII's besøg i Island sommeren 1907. Udstilling i Islands Nationalbibliotek* 31. maj – 1. september 1007. Islands Nationalbibliotek—Universitetsbibliotek, 2007, s. 15-24.

‘Fyrsti vestur-íslenski feministinn. Þættir úr baráttusögu Margrétar J. Benedictsson’. Bókarhöfundur Björn Jónsson. *Ritdómur* í ‘Stjórnsmál og stjórnsýsla – vefrit’ (www.stjornmalogstjornsysla.is).

2007 ‘Undantekningin’. Höfundur Christian Jungersen. Ritdómur í tímaritinu *Bókasafnið*, 31. 2007, bls. 85.

Erindi forstöðumanns 2007:

‘Minn glaðasti ævitími’. Bríet og alþjóðabaráttan fyrir kosningarétti kvenna. Erindi flutt á málþingi Akureyrarakademíu og Jafnréttisstofu 10. febrúar.

‘Konur í sveitarstjórnunum’. Erindi flutt á samnefndu málþingi Kópavogsbæjar 25. október.

‘Til móts við nýja tíma: Árið 1907.’ Erindi flutt á Hugvísindapíngi, 10 mars.

Fjölmiðlaviðtöl:

16. janúar. Rætt um Kvennasögusafn Íslands í þættinum „Vítt og breitt“ á Rás 1.

19. janúar. Rætt um nauðsyn sýnileika kvenna í stjórnámálum í þættinum „Pólítíkin“ á Stöð 2.

8. mars. Rætt um 8. mars, tilurð hans og sögu, í þættinum „Laufskálinn“ á Rás 1.

Sérverkefni

Nýtt á Netinu

Á árinu lagði forstöðumaður sem fyrr áherslu á fræðslustarfsemi safnsins, einkum gegnum veraldarvefinn. Á árinu 2007 hannaði forstöðumaður nokkrar vefsíður um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, líf hennar og störf, í tilefni af því að 100 ár voru liðin frá stofnun Kvenréttindafélags Íslands.

ASÍ

Forstöðumaður var beðinn að taka sæti í ritnefnd afmælisrits Alþýðusambands Íslands sem Sumarliði Ísleifsson mun verða aðalhöfundur að og kemur út í febrúar 2011. Forstöðumaður þekktist það boð.

Munnleg saga

Kvennasögusafn á aðild að verkefninu „Minningar úr kvennabaráttunni 1965-1981“ sem unnið verður undir stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu. Sótt var um styrki til verkefnisins og hlaut það 2 milljónir frá Hlaðvarpanum og 1 milljón frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands auk þess sem Miðstöð munnlegrar sögu leggur fram hálf milljón. Forstöðumaður á sæti í verkefnisstjórn.

Norræna kvennasögupíngið

Kvennasögusafn Íslands mun í samvinnu við RIKK og Sagnfræðistofnun H.Í. skipuleggja IX ráðstefnu norræna sagnfræðinga á sviði kvenna- og kynjasögu sem haldið verður í Reykjavík 11.-14. ágúst. Gestamóttakan hefur verið fengin til þess að sjá um praktískar hliðar, svo sem skráningu og hótelrymi. Þíngið hefur netsíðuna <http://www.qhist08.is>

Kvennablöðin

Fyrir tilstilli VESTNORD-verkefnisins í Landsbókasafni Íslands—Háskólabókasafni má nú lesa á veraldarvefnum (<http://www.timarit.is> eftirfarandi:

Ársrit Hins íslenska kvennfjelags (1895-99),
Kvennablaðið er Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út,
Framsókn sem gefið var út á Seyðisfirði og í Reykjavík
Freyja, V-íslenskt tímarit gefið út í Selkirk, 1898-1910
19. júní (1917-1929)
Forvitin rauð sem Rauðsokkahreyfingin gaf út

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið er skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og er jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK kallar tvisvar á ári saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda en forstöðumaður sótti ekki slíkan fund á árinu 2007.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum. WINE tekur þátt í starfi ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe) sem stofnað var 1996 og tengir saman kvenna- og kynjasögukennslu í Evrópu og er styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins.

Aðföng 2007

9. janúar Jóhann Guðmundsson færir safninu 4 bækur eftir Helgu Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Bækurnar eru viðbót við fyrri gjöf hans (sjá 11. maí 2006) og eru:
Matur og drykkur, Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1947
Matur og drykkur, Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1949 (önnur prentun)
Matur og drykkur, Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík (án ártals) (þriðja prentun)
Matur og drykkur, Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1966 (fjórða prentun)
30. janúar Elísabet Þorgeirsdóttir, fyrrverandi ritstýra tímaritsins *Veru*, og sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir færa safninu ýmislegt viðkomandi tímaritinu, sem nú hefur látið af útgáfu. M.a. er heilt sett af tímaritinu frá upphafi, fundagerðabækur ritstjórnar tímaritsins, límmiðar, dreifimiðar og ýmsar myndir sem skreyttu forsíður blaðsins.
7. febrúar Guðrún og Ingibjörg Guðmundsdætur (Prentsmiðja Hafnarfjarðar) færðu safninu ýmislegt úr þeirra fórum sem tilheyrði Kvennalistanum á Reykjanesi; þ.á.m. voru límmiðar, póstkort, kosningablöð og –bæklingar, einnig gestabækur og ýmis plögg varðandi kosningar og kosningaundirbúning.
8. febrúar Margreet Beemsterboer frá Hollandi sendi safninu eintak af tímaritinu *Inspirations- The world's most beautiful embroidery magazine*, en þar er að finna grein hennar um Árnýju Filippusdóttur, stutt æviágrip og fjöldi fallegra mynda af handavinnu hennar. Kvennasögusafni er þökkuð veitt aðstoð í greininni.
8. febrúar Kvenfélagið Hlíf á Akureyri sendi tvö eintök af *Afmælisrit Kvenfélagsins Hlíf 1907-2007*.
8. febrúar Anna Guðmundsdóttir og Anna Gísladóttir, gjaldkeri og ritari sjóðsins „Gerðuminning“ færðu safninu ýmislegt sem tilheyrir sjóðnum: fundagerðabók, skipulagsskrá, styrkumsóknir og reikningsbók. Sjóðurinn var stofnaður árið 1951 til minningar um (Guðríði) Þorgerði Þorvarðsdóttur er forst í flugslysinu við Héðinshöfða 29. maí 1947. Hann var gefinn af vandamönnum og vinum hinnar látnu og er ætlað að styrkja efnalítlar námsmeyjar Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
16. febrúar Ásthildur Sigurðardóttir færði safninu nokkur gögn úr fórum Emilíu Oktavíönu Biering, ljósmóður (tengdamóðir Ásthildar): 3 ljósmyndir, félagsskírteini í Ljósmæðrafélagi Íslands bundið í leður, „Ljósmæðrabók“ útg. Af skrifstofu Landlæknis 1934, „Almennar reglur um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma“, útg. af ríkissjóði 1930, skipunarbréf sem ljósmóðir í Patrekshreppi og annað í Patreksfjarðarumdæmi, kvittanir fyrir greiðslu í lífeyrissjóð ljósmæðra og bréf frá Auði Eiríksdóttur í Vestmannaeyjum til ljósmóðursnema, dags. 18.12. 1934.
9. mars Kristjana Sigurjónsdóttir (Vesturgötu 13, Ólafsfirði) sendir safninu æviágrip Ólafar Þorlákssdóttur (f. 1889) sem tekið var saman á aldarafmæli hennar. Kristjana bætti einnig nokkrum lýsingum við handskrifuðum.
13. mars Guðríður B. Helgadóttir (frá Núpsöxl á Laxárdal í A-Húnavatnssýslu, f. 1921) færði safninu skjöl úr sínum fórum: „Samtíningur“, hefti tekið saman af henni árið 2006

(n.k. æviágrip og hugleiðingar; heftið prýða ljósmyndir og myndir af hannyrðum Guðríðar), diskur með ýmsum skrifum hennar, ljósrit af skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir safn hennar þar á bæ er hún afhenti árið 2000.

27. mars Sigrún Klara Hannesdóttir færir safninu skjöl landssamtakanna Delta Kappa Gamma vegna árána 2000 og 2001. Fyrir eru í safninu skjöl samtakanna frá árinu 1975 til og með ársins 1999.
13. apríl Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir afhendir safninu ými skjöl, bréf, handrit og ljósmyndir, úr búi Þorbjargar Árnadóttur (f. 8. febr. 1898, d. 7. maí 1984), frá Skútustöðum í Mývantssveit, móðursystur Auðar. Þorbjörg var fyrsta konan sem tók magisterspróf í hjúkrun (í USA), var fyrsti starfsmaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur og rithöfundur. – Á þjóðdeild voru fyrir nokkur handrita Þorbjargar og voru þau flutt í Kvennasögusafn.
8. maí Í pósti barst safninu bókin *ProLife Feminism. Yesterday and Today*, sem félagsskapur er kallar sig The Feminism & Nonviolence Studies gefur út, en hann hefur aðsetur í Bandaríkjunum og kveðst senda bókina kvennabókasöfnum um allan heim.
2. júlí Um hendur Jónu Finndísar Jónsdóttur bærust safninu innrammaðar myndir er bera heitið „Bréf til Kristínar“ eftir danska listamanninn Jørgen von Hahn (f. 1940). Myndirnar gaf listamaðurinn Kristínu Bjarnadóttur, leikkonu og rithöfundu og lét hún ramma þær inn (tölvubréf frá Kristínu með útskýringum er að finna í aðfangamöppu undir „gjafabréf“).
7. júlí Jóhann Guðmundsson færði safninu innbundna *Matreiðslubók* Jóninu Sigurðardóttur, forstöðukonu Húsmæðraskóla Akureyrar, m.m. Bókin var fyrst gefin út árið 1915 og aftur 1916, síðan voru þær prentaðar auknar og endurbættar árin 1927, 1943 og 1945 og batt Jóhann allar útgáfurnar. Hann óskaði eftir því að bækurnar verði geymdar á Kvennasögusafni Íslands.
16. ágúst Heiðbrá Jónsdóttir færði safninu þrjá pappakassa með gögnum úr dánarbúi Helgu Jóhannsdóttur (1935-2006). Gögnin eru annars vegar um stofnun og rekstur Kvennalistsins frá upphafi, en Helga var virk í starfi Kvennalistsins, og hins vegar um friðarferð kvenna um Evrópu 1985 og önnur friðarmál. Gögnin borin saman við það sem fyrir er í Kvennasögusafni.
29. október Ingibjörg, Steinunn, Bergljót og Sigríður Stefánsdætur afhentu handrit og gögn móður sinnar, Elínar Guðmundsdóttur (1912-2003). Safnið samanstendur af ýmsum textum eftir Elínu, útvarpsdagskrám KRFÍ er Elín stóð að ásamt öðrum, gögnum er varða þátttöku Elínar í félagsmálum (Elín var einn stofnenda Félags ungra jafnaðarmanna 1924, virkur félagi í Kommúnistaflokki Íslands, starfaði með KRFÍ, Kvennalistanum og Vinstri Grænum), úrklippum varðandi Hússtjórnarskólann í Reykjavík 1984-1988 og gögn er varða Hlaðvarpann, Vesturgötu 3.
21. nóvember Sigurður E. Guðmundsson, Raufarseli 11, 109 Rvk., færir safninu nokkur skjöl varðandi starfsemi Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík. Skjölin voru í vörslu eiginkonu hans, Aldísar Pálu Benediksdóttur, sem andaðist fyrir á árinu, en hún var formaður Mæðrastyrksnefndar um skeið.

